

## Fundargerð aðalfundar FLAF 14. maí 2014

Fundurinn var settur kl. 20.00 í húsakynnum SR við Elliðavatn.

Allir stjórnarmeðlimir voru mættir á fundin ásamt 17 öðrum félagsmönnum.

Fundarstjóri var Magnús Jóhannesson  
Ritari var Sigurlaug Guðmundsdóttir

Fundarstjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá.

Formaðurinn Kjartan Kárason las skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

Gjaldkeri lagði fram og gerði grein fyrir ársreikningi sem var samþykktur. Hann fylgir fundargerðinni.

Formaður og aðrir stjórnarmeðlimir voru endurkjörnir.

Magnús Jóhannesson og Tryggvi Þórðarson verða áfram skoðunarmenn reikninga.

Félagsgjöld verða óbreytt, 3000.- á ári.

Önnur mál:

Magnús Jóhannesson tjáði sig um samningamálin. Hann rakti söguna og umræður fóru í gang en án niðurstöðu.

Eva og Þorsteinn hafa tekið við landi Pálma í Keldudal. Eva sagði frá vandræðum þeirra við að fá leyfi til að byggja hús á lóðinni.

Ákveðið var að fara nú eina ferðina enn í samræður við menn SR og í Dómsmálaráðuneyrinu eftir því sem þurfa þykir.

Dagskrá lauk kl. 21.10 en þá tók til máls gestur kvöldsins, Páll Einarsson, pr. í jarðfísisindum við HÍ. Erindi hans fjallaði um eldstöðina Kötlu í heild sinni. Var mjög áhugavert að hlíða á Pál segja frá.

Eftir meira en klukkustundar fyrirlestur var boðið upp á kaffi og með því. Mér fannst gæta meiri bjartsýni nú en fyrr varðandi endalok á þessu vandræðamáli okkar með leigusamningana.